

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343 28. nóvember 1974, fyrir
Vatnsveitu Grímseyjarhrepps.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973.

Upphæð vatnsskatts skal vera 1% af framangreindu mati, þó aldrei lægri en kr. 7 500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign.

Vatn má einnig selja um mæli og skal gjaldið þá vera:

a. til skipa, kr. 60.00 fyrir hverja smálest.

b. til annarra nota, kr. 50.00 fyrir hverja smálest.

Gjöld fyrir önnur vatnsnot en að framan greinir skulu fara eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er af hreppsnefnd Grímseyjarhrepps og samþykkt á almennum hreppsnefndarfundum, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Reyðarfjarðarkauptúni.

1. gr.

Húseigendur í Reyðarfjarðarkauptúni skulu greiða til sveitarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Gjöldin skal miða við ákveðinn hundradshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er 1. nóvember ár hvert í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.